

## UMHVERFISSTOFNUN – UMSÖGN UM ÓSK UM LOKUN FERÐAMANNASTAÐA Í LANDI REYKJAHLÍÐAR.

–Mál númer UST201707-065

Umsögn Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit.

24. júlí 2017

Um miðjan júní 2014 hófu landeigendur í Reykjahlíð gjaldtöku af ferðamönnum við Hveri og Leirhnjúk en frestuðu áformum sínum um gjaldtöku við Dettifoss. Sveitarstjórn taldi framkvæmdina skaða ímynd sveitarfélagsins til framtíðar og hvatti landeigendur til að fresta áformum sínum þar til uppbygging hefði átt sér stað. Lokun á einstökum náttúrusvæðum á háannatíma án greiðslu, eftir áratuga athugasemdaleusa notkun, væri ekki ásættanlegt fyrirkomulag og myndi skaða ímynd sveitarfélagsins til framtíðar (<http://www.visir.is/g/2014140408974>). Um það bil mánuði eftir að gjaldtakan hófst féllst sýslumaður á Húsavík á lögbannskröfu hluta eigenda Reykjahlíðar (<http://www.ruv.is/frett/logbann-a-gjaldtoku-vid-hverasvaedi>). Gjaldtöku var hætt og lögbannið var síðar staðfest á báðum dómstigum (<http://www.ruv.is/frett/landeigendur-mattu-ekki-rukka-inn-a-hverasvaedi>). Þegar það gekk í gildi bauðst UST til að sjá um lágmarksþjónustu og öryggisgæslu á Leirhnjúkssvæðinu og við Hveri. Það afþökkuðu landeigendur í Reykjahlíð. Síðan hefur ástand á svæðinu verið óviðunandi, viðhaldi mannvirkja og almennri umsjón hefur ekki verið sinnt og öryggis ekki gætt svo sem þörf er á.

UST hefur nú til athugunar erindi Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur eiganda 25% Reykjahlíðar þar sem því er beint til stofnunarinnar að banna aðgang að ferðamannastöðunum Hverum, Leirhnjúki og Víti við Kröflu vegna álags. (<http://ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2017/07/17/Lokun-natturustada-i-Myvatnssveit-beidni-um-umsogn/>). Hjá stofnuninni kemur fram að hún geti í verndarskyni, að fenginni tillögu sveitarfélags eða landeigenda takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum ef hætta sé á verulegu tjóni af völdum álags. Vísað er til 25. greinar laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>). Um þetta er það að segja að UST getur ekki byggt lokun á þeim svæðum sem um er rætt á þessari lagagrein. Greinin á einungis við um svæði í óbyggðum. Í fyrrnefndum lögum er hugtakið óbyggðir skýrt svo: „Óbyggðir: Landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi." Í þeirri umsagnarbeiðni sem UST sendi Fjöreggi er ljóslega vísað til 25. greinar laganna, sem ekki dugir af fyrrgreindri ástæðu. Í grein 25 a er önnur heimild til lokunar svæða sem UST getur gripið til að eigin frumkvæði. Lokunin skal að jafnaði aðeins standa í tvær vikur og hafa skal samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið. Þessi grein virðist einkum eiga við um sérstakar ástæður svo sem eldgos eða aðra óvænta atburði eða aðstæður. Ekki verður séð að aðstæður á ferðamannastöðum í landi Reykjahlíðar séu með þeim hætti að beita megi 25. gr. a.

Fjöregg telur að brýnt sé að bæta ástandið á ákveðnum ferðamannastöðum í Mývatnssveit og á það ekki síst við um þá staði sem hér eru til umfjöllunar. Þegar lögum um verndun Mývatns og Laxár var breytt árið 2004 var gert ráð fyrir því að ákveðnir staðir og merkilegar náttúruminjar, sem verndun var létt af vegna minnkunar verndarsvæðisins, yrðu friðlýstir að nýju. Bráðabirgðaákvæði um þetta í lögnum er svohljóðandi.

„Umhverfisstofnun skal þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga þessara en eigi að síður er mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra

fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Umhverfisráðherra skal við gildistöku laga þessara tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa samkvæmt framangreindu. Að öðru leyti skal um friðlýsingu þessara svæða fara eftir ákvæðum [náttúruverndarlaga, nr. 44/1999](https://www.althingi.is/lagas/137/2004097.html). Skal friðlýsingu samkvæmt ákvæði þessu vera lokið fyrir 1. janúar 2008.“

(<https://www.althingi.is/lagas/137/2004097.html>)

Skemmst er frá því að segja nú eru níu ár síðan friðlýsingum samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu átti að vera lokið. Af 11 svæðum sem þar eru tæmandi talin hefur þessi ákvörðun löggjafans aðeins gengið eftir varðandi minnihlutann, en í þeim hópi eru Dimmuborgir, Hverfjall/Hverfell og Seljahjallagil. Leirhnjúkssvæðið og Hverir eru í hópi þeirra svæða þar sem ákvörðunin hefur ekki gengið eftir. Fjöregg og önnur umhverfisverndarsamtök hafa ítrekað bent umhverfisráðherra á að það standi upp á framkvæmdavaldið að framkvæma þau lög sem Alþingi hefur sett. Svæðunum stafar einkum hættu af álagi vegna ferðamanna og framkvæmdum, svo sem línulögnum og virkjunum. Það er í þágu almannahagsmuna að vernda þessi náttúrugæði og fágætu landslagsmyndanir til framtíðar og hefur Fjöregg því í samstarfi við Landvernd stefnt ríkinu vegna vanefnda á bráðabirgðaákvæði lagana um verndun Mývatns og Laxár.

Í ljósi þess að landeigendur Reykjahlíðar afþökkuðu fyrir þremur árum þjónustu og öryggisgæslu UST á Leirhnjúkssvæðinu og við Hveri kemur nýtt erindi Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur til stofnunarinnar nokkuð á óvart. Spyrja má hvort hugmynd hennar að lausn mála á þessum stöðum hafi verið rædd í hópi landeigenda í Reykjahlíð, svo sem á almennum eigendafundi eða öðrum slíkum vettvangi. Samtals eru eigendurnir um tveir tugir.

Fjöregg tekur á þessu stigi máls ekki afstöðu til þeirrar hugmynda að banna aðgang ferðamanna að þeim stöðum sem Guðrún María óskar eftir. Ekkert mat hefur farið fram og engar upplýsingar liggja fyrir um hvort hugmyndin er að loka svæðunum algerlega eða takmarka aðeins og stýra umferð og í því tilviki með hvaða hætti. Samtökin benda hins vegar á að ætli UST að banna umferð um þessi svæði verður að reisa slíka ákvörðun á réttri lagastoð. Eðlilegasta og besta framganga við lausn vandamálsins væri að friðlýsa svæðin, eins og löggjafinn hefur löngu ákveðið að gert skuli. Fjöregg skorar á eigendur Reykjahlíðar og UST vinna að málinu á þeim nótum - með það að markmiði að tryggja að ásýnd staðana og almennt ástand verði ávallt þannig að sómi sé að.

Fyrir hönd stjórnar Fjöreggs.

Ólafur Þróstur Stefánsson formaður.